Fornleifaskráning: Ásborgir í Grímsnesi



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Birna Lárusdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS1121-26371

Reykjavík 2026

Fornleifastofnun Íslands

Á forsíðumynd er horft til suðurs og er Digriholl ÁR-433:023 til vinstri og Harðsnúnihóll ÁR-433:024 til hægri. Ljósmynd tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Verknúmer MÍ: 3646

©2026

Fjölheimar

Tryggvagata 13

800 Selfoss

&

Fornleifastofnun Íslands ses

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: (+354) 5511033

Netfang: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Efnisyfirlit

1) Inngangur 7

2) Um fornleifaskráningu 9

3) Aðferðir 11

4) Fornleifaskrá 13

ÁR-433 Ásgarður 13

5) Niðurstöður 15

Heimildir 17

Minjakort 18

Samantekt


Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan um 30 ha deiliskipulagsreits í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Svæðið tilheyrir nú Ásborgum og er Hótel Grímsborgir innan svæðis. Fyrirhugaðar eru breytingar á eldra deiliskipulagi og markmiðið er að samræma þær breytingar sem gerðar hafa verið, teikna skipulagið inn á hnitsettan loftmyndagrunn og uppfæra skilmála svo þeir uppfylli nútíma kröfur. Skráningin var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í Grímsneshreppi og voru þá tvær fornleifar skráðar innan skipulagsmarka. Við þessa skráningu fannst ein til viðbótar innan markanna og eru því samanlagt þrjár fornleifar þekktar á svæðinu.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskipulag, Ásborgir, Fornleifastofnun Íslands, Ásgarður, Grímsnes- og Grafningshreppur.

Summary

This report presents the findings of an archaeological survey of a 30-hectare site plan area in Ásborgir, in the municipality of Grímsnes- og Grafningshreppur. The land was formerly part of the farm Ásgarður. The Institute of Archaeology in Iceland carried out the survey on behalf of the landowners. An earlier general survey of the area had recorded two sites, and the present survey identified one additional site.

Keywords: Grímsnes- og Grafningshreppur municipality, archaeological survey, Institute of Archaeology



Mynd 1: Deiliskipulagssvæðið er um 30 ha og afmarkast af svartri brotalínu á myndinni. ©Loftmyndir ehf

1) Inngangur

Í lok október 2026 var unnin fornleifaskráning innan frístundabyggðarinnar Ásborga í Grímsnesi, þar sem Hótel Grímsborgir er einnig. Skráningin var gerð að beiðni landeigenda en um er að ræða endurskoðun eldra deiliskipulags, en frá árinu 2003 hefur það gengið í gegnum sex breytingar. Markmiðið er að samræma þær breytingar sem gerðar hafa verið, teikna skipulagið inn á hnitsettan loftmyndagrunn og uppfæra skilmála svo þeir uppfylli nútíma kröfur.

Deiliskipulagssvæðið tilheyrði fyrrum jörðinni Ásgarði og er alfarið í úthögum gömlu bújarðarinnar. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í Grímsnesi og voru þá tvær vörður skráðar innan svæðis, ein á Digrahóll ÁR-433:023 og hin á Harðsnúnahóll ÁR-433:024.[1] Árin 2016-2018 var aðalskráningin endurskoðuð, þ.e. kortagögn og loftmyndir voru yfirfarin og auk þess sem vettvangsvinna var unnin á völdum svæðum en ekki bættust við fornleifar innan þessa svæðis við þá vinnu.[2] Í aðalskráningu er aðeins gengið á þekkta staði og þeir skráðir en svæði ekki þaulgengin né minjar mældar upp líkt og krafa er nú gerð um vegna deiliskipulagsvinnu. Við þessa skráningu fannst ein fornleif til viðbótar við þær tvær sem áður höfðu verið skráðar og eru því samtals þrjár fornleifar þekktar innan deiliskipulagsvæðisins.



Mynd 2: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á Íslandskortinu með rauðum punkti. © Fornleifastofnun Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Deiliskipulagssvæðið er 30 ha að stærð og er sunnan við Ásgarðslæk sem afmarkar norðurmörk svæðisins, Sogið markar svæðið til vesturs og Þingvallavegur til austurs. Til suðurs er ekki um eiginlega landfræðilega afmörkun að ræða. Innan deiliskipulagsvæðisins eru

1 Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir 1999, 13-27.

2 Birna Lárusdóttir, 2018.

alls 34 lóðir og þegar hafa verið byggð 23 hús með tilheyrandi framkvæmdum. Kjarri vaxið hraun er innan svæðisins og lítið rask hefur átt sér stað utan byggingarreita.

Við skráninguna var gengið skipulega yfir skráningarsvæðið, allar fornleifar voru hnitsettar og öll yfirborðsummerki um minjar mæld upp með GPS-tæki af gerðinni Juniper Archer 4. Um vettvangsvinnu, skýrsluskrif og kortagerð sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjara, nema annað sé tekið fram. Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar. Uppbyggingin hennar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu, en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og þar á eftir minjakort.

2) Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning snýst um að afla upplýsinga um staðsetningu minjastaða, greina þá eftir tegundum og kanna ástand þeirra og afdrif. Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (heimildaskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012) eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifaskráning í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í lögum um menningarminjar víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki

ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,


i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þar af leiðandi getur vönduð fornleifaskráning dregið fram heildarsvip bústaða og landnotkunar, ásamt menningarsögulegu samhengi þeirra í nærumhverfinu, s.s. álagablettum, vöðum og reiðleiðum. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði frá ystu mörkum fornminja skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, en 100 metrar í tilfelli friðlýstra fornleifa. Ef hrófla þarf við fornleifum þarf að óska eftir sérstöku leyfi Minjastofnunar og sker hún úr um hvort þess háttar heimild verði veitt og með hvaða skilyrðum.

3) Aðferðir

Fornleifaskráning minjastaða á vegum Fornleifastofnunar Íslands er færð inn í gagnagrunninn Ísleifu. Í því kerfi er landinu skipt upp í svæði, sem jafnan eru jarðir, eða afréttir og önnur óbyggð svæði. Í gegnum tíðina hafa jarðir skipst og sameinast og landamerki breyst. Kerfið byggist þ.a.l. á almennri viðmiðun um hinar ýmsu landfræðilegu einingar (jarðir, hreppar, sóknir) sem er fest í tíma, þ.e. 1847. Á því ári var gefin út rækileg skrá (Jarðatal Johnsens) og er hún lögð til grundvallar. Hver sýsla hefur skammstafað heiti (ÁR, BO o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer. Á hverjum minjastað eru ein eða fleiri fornleifar og bætist númer fyrir hverja og eina aftan við (dæmi: BO-162:001.01).



Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir sögu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á búskaparaðstæðum, staðháttum og náttúrufari. Þar á eftir kemur listi yfir alla minjastaði sem fundust innan hverrar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar er auðkennisnúmer. Á eftir því kemur sérheiti staðar ef eitthvert er og síðan tegund.

Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjarnar eru, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað var um samkvæmt rituðum eða munnlegum heimildum en er horfið, eða staður þar sem ekki hefur verið mannvirki en hefur menningarsögulega merkingu (s.s. álagablettur, reiðleið eða vað). Allir minjastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra (s.s. bústaður, legstaður, vatnsból) er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Þar sem getið er um „heimild um“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar finnist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hana á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans og staðháttum lýst. Loks er lýsing á minjunum sjálfum ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið í mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4) Fornleifaskrá

ÁR-433 Ásgarður

Fyrst getið í máldaga Búrfellskirkju frá [1269]: „J asgard xij messur log helga daga oc en xij Bunhus dagar oc caupa vj aurum. … [til Búrfellskirkju] liggia tijundir heima mana or caldaraufda oc as gardi.“ DI II, 63.
24.10.1515: Ástríður Össurardóttir sem uppalin var í Miðengi lýsti, áttræð að aldri, landamerkjum jarðarinnar við Ásgarð að ofan en Snæfoksstaði að neðan: „... En fyrir ofan til moz vid asgard. skylldi mideingi eiga sionhending vr fuglsþufuhol firir nedan þreijngl [þreyngls annað hdr]. ok ofan j mosvallarbrvn sem geingur vt j alftavatn.“ DI VIII, 571.
1708: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtsstólseign. „Munnmæli eru, að hjer hafi til forna kirkja verið. Engin eru þess líkindi nema örnefni tvö í túninu, sem menn hyggja að taki sitt nafn af kirkjunni og eru kölluð Kirkjuhóll og Blasiusvöllur og liggja í þeim stað, sem kirkjan skyldi staðið hafa.“ JÁM II, 354.
1847: 48 2/3 hdr. Skálholtsstólseign. JJ, 71.
„Landamerki Ásgarðs er samkvæmt landamerkjabréfi: Milli Ásgarðs og Syðri-Brúar ræður lækurinn, sem liggur fyrir sunnan Hólmavaðið, og ræður hann í Giljatungusporð, úr Giljatungusporði sjónhending yfir há-Borgarbrún í stóru lágina, sem liggur inn í fjallið milli Skefilfjallanna. Þaðan sjónhending í fjallsgnípuna á há-fjallinu. Þaðan sjónhending um Sauðadalinn í Hnífhól, beina sjónhending í Gildruhólinn. Úr Gildruhólnum sjónhending í klett þann, er Hestur er nefndur og liggur austan undir Tjarnarhólum. Úr Hesti sjónhending í steininn á Nónhólataglinu. Þaðan beina stefnu í há-Grensásinn og þaðan í Þrengsaásþúfuna. Milli Miðengis og Ásgarðs eru merkin þessi: Beina stefnu úr Þrengslaásþúfunni í Álfhól um Smalaskála í hólmann í Álftavatni. Svo ræður Álftavatn og Sog að fyrrnefndum merkjum milli Ásgarðs og Syðri-Brúar.“ Ö-Ásgarður, 1.
1999: Nú er enginn búskapur í Ásgarði og verður líklega ekki framar; Oddfellowar á Selfossi hafa keypt jörðina og skipuleggja nú sumarhúsabyggð á meirihluta hennar. Ritað af skráningaraðila árið 1999. Jörðinni hefur nú allri verið skipt upp í frístundabyggð.

Landkostir:
1920: Tún 11,1 ha, þar af slétt um ¼. Garðar 2467 m².
„Eins og nafnið bendir til er bærinn umlukinn allháum ásum á þrjá vegu en útsýn er til vest-suðvesturs og hallar landinu niður að Sogi. Syðsti hluti landsins er kjarri vaxið hraun frá Álftavatni að Ásgarðslæk. Þá taka við klapparásar en mýrar eru nær Sogi, að mestu framræstar. Melar og móbergsásar með lyngbrekkum eru austar og ofar. Landið er nokkuð skorið af giljum hið næsta Búrfelli. [...] Sumarbústaðir og veiðihús eru í landi jarðarinnar, eign eiganda sem árið 1978 var dánarbú Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur.” Sunnlenskar byggðir III, 140.

ÁR-433:023.01 *Digrihóll* varða óþekkt A: 403914 N: 395687
„Norðvestur af fjárhúsunum [016 og 036-038], sem áður eru nefnd, er Digrihóll, vestan við veginn, með vörðu á kolli,“ segir í örnefnaskrá. Digrihóll og Harðsnúnihóll 024 eru skammt hvor frá öðrum. Þeir skera sig úr umhverfinu, enda einu hólarnir á þessu svæði vestan við veginn. Þegar farið er Sogsveginn til norðurs er á einum stað ekið mjög nálægt Álftavatninu, þar heitir Vaðvík. Skömmu síðar er ekið framhjá nokkrum fjárhústóftum á hraunbrún austan við veginn (016 og 036-038). Örlítið lengra eru Digrihóll og Harðsnúnihóll vestan við veginn.
Kjarri vaxið svæði. Hóllinn gróinn að mestu en hraungrýti í kolli.
Digrihóll er nær veginum og hefur verið grafið í hann að austanverðu. Varðan er horfin. Þó er grjót efst á hólnum sem gæti verið undirstöður vörðunnar.

Almennt hættumat: engin hætta
Tímabundið hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Ö-Ásgarður, 5

ÁR-433:024.01 *Harðsnúnihóll* varða óþekkt A: 403882 N: 395658



Mynd 4: Varða ÁR-433:024, horft til suðvesturs.

„Vestur af [Digrihóll] er Harðsnúnihóll, einnig með vörðu," segir í örnefnaskrá. Digrihóll 023 og Harðsnúnihóll eru skammt hvor frá öðrum. Þeir skera sig úr umhverfinu, enda einu hólarnir á þessu svæði vestan við veginn. Þegar farið er Sogsveginn til norðurs er á einum stað ekið mjög nálægt Álftavatninu, þar heitir Vaðvík. Skömmu síðar er ekið framhjá nokkrum fjárhústóftum, 016 og 036-038 á hraunbrún austan við veginn. Örlítið lengra eru Digrihóll og Harðsnúnihóll vestan við veginn.

Kjarri vaxið hraun. Hóllinn gróinn að mestu en hraungrýti í kolli.
Harðsnúnihóll er lægri en Digrihóll en svipaður að öðru leyti. Það litla sem eftir stendur af vörðunni er greinilega komið til ára sinna. Hún er hlaðin úr hraungrýti, að hluta styðst hleðslan við jarðfastan klett sem stendur upp úr hólnum. Grjót sem hrunið hefur úr vörðunni liggur á víð og dreif í kring.
Almennt hættumat: engin hætta
Tímabundið hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Ö-Ásgarður, 5

ÁR-433:047.01 varða óþekkt

A: 403953 N: 395725



Mynd 5: Varða ÁR-433:047, horft til vesturs.

Varða er 40 m norðan við Digrahól 023 og tæpum 1,3 km sunnan við bæ 001. Varðan er nú innan svæðis sem tilheyrir Ásborgum, sunnan við Ásgarðslæk og vestan við Þingvallaveg. Hótel Grímsborgir er innan Ásborga.
Hraun gróið lágreistu birki og kjarrgróðri. Inn á milli eru djúpar lautir, hólar og klettar.
Varðan er 1,5-2 m í þvermál og hlaðin úr hraungrýti. Hún er hrunin en neðstu tvö umförin eru enn greinileg. Stakir steinar eru efst og smá hrun umhverfis vörðuna. Hún er um 0,2-0,3 m á hæð og vaxin lyngi og mosa.
Almennt hættumat: mikil hætta, vegna trjáræktar
Tímabundið hættumat: hætta, vegna deiliskipulags

5) Niðurstöður

Í októberlok árið 2026 fór fram fornleifaskráning innan Ásborga í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagssvæðið er 30 ha að stærð en unnið er að endurskoðun eldra deiliskipulags á svæðinu sem alls hefur gengið í gegnum sex breytingar allt frá því að það var fyrst samþykkt árið 2003. Innan svæðis eru fjölmörg sumarhús og þar er einnig Hótel Grímsborgir.



Mynd 6: Horft til vesturs, yfir hluta skráningarsvæðisins.

Deiliskipulagssvæðið tilheyrði áður úthögum bújarðarinnar Ásgarðs í Grímsnesi og var líklega að mestu nýtt til beitar áður fyrr. Innan þess eru þekktar þrjár vörður en ekki er ljóst í hvaða tilgangi þær voru byggðar. Í suðurmörkum skráningarsvæðisins eru Digrihóll ÁR-433:023 og Harðsnúnihóll ÁR-433:024 en samkvæmt örnefnaskrá voru vörður á þeim báðum. Digrihóll er austar og er varðan sem á honum var horfin. Harðsnúnihóll er rúmum 40 m suðvestar og er eilítið minni en Digrihóll. Grjótdreif við klett ber vörðunni vitni. Varða ÁR-433:047 er rúmum 40 m norðan við Digrahól, sunnarlega á nafnlausum hraunhól eða -hrygg. Hún sést mun betur en varða 023 en er þó hrunin.

Í takt við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands var á vettvangi bæði metin sú hætta sem að minjum steðjar tímabundið (skipulagsbreytingar og framkvæmdir) og sú hætta sem að minjunum steðjar almennt. Tvær fornleifar, vörður 023 og 024, voru ekki taldar í almennri hættu enda eru þær utan þeirra 34 lóða sem eru í Ásborgum og engar framkvæmdir fyrirhugaðar þar. Varða 047 er hins vegar á mörkum tveggja lóða í þéttum kjarrgróðri. Hún var metin í mikilli

hættu af þeim sökum.

Við gerð tímabundins hættumats, þ.e. vegna deiliskipulagsbreytinganna, var metið hvort hætta gæti steðjað að minjunum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir tímabundið hættumat á þeim grunni. Vörður 023 og 024 innan deiliskipulagssvæðisins voru metnar í hættu en afar ólíklegt er að framkvæmdir muni nokkurn tíma verða þar, uppi á hólum. Algengast er að telja fornleifar innan deiliskipulagssvæða í mikilli hættu en hér er þess ekki þörf, framkvæmdir innan þessa svæðis hófust fyrir allnokkrum árum og skipulag liggur þegar fyrir. Varða 047 var hins vegar metin í mikilli hættu, enda er hún á lóðamörkum og hætta á því að hún verði fyrir raski eftir því sem uppbyggingu vindur áfram innan Ásborga.

Ef óhjákvæmilegt reynist að raska fornleifum vegna framkvæmda úrskurðar Minjastofnun Íslands hvort slíkt sé heimilt og með hvaða skilyrðum.

Heimildir

Birna Lárusdóttir. 2018. *Endurskoðun fornleifaskráningar í Grímsnesi og Grafningi: Með viðbótum við eldri fornleifaskrá.* FS683-16141. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. I–XV. bindi. 1857–1972. Kaupmannahöfn/ Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Árnessýsla*. II bindi. 1918–1921. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.

JJ: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].


Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir. 1999. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I: Fornleifar á Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri-Brú, Ásgarði og Miðengi.* FS103-99061. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.


SB III: *Sunnlenskar byggðir: Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selfoss.* III. bindi. 1983. [Útgáfustað vantar], Búnaðarsamband Suðurlands.

Túnakort 1917-1920. Uppdráttur af túnum í Grímsneshreppi. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Ásgarður. 1971. *Ásgarður*. Gísli Guðmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Minjakort


Skýringar
Deiliskipulagssvæði
Fornleifar
433047
433023
433024
0
75
150
225
300 m


Sog
Botnsá
Gönguleiðir
Bjarkarvegur
Bjarkarvegur
4.501 fm
4.813 fm
3.979 fm
4.039 fm
4.562 fm
3.906 fm
4.880 fm
4.516 fm
4.834 fm
4.984 fm
4.301 fm
3.925 fm
3.608 fm
4.301 fm
3.608 fm
8.532 fm
4.185 fm
3.784 fm
3.925 fm
4.746 fm
3.608 fm
4.309 fm
3.608 fm
3.925 fm
4.449 fm
4.945 fm
11.578 fm
1.325 fm
4.000 fm
4.883 fm
4.630 fm
5.797 fm
4.770 fm
5.573 fm
6.198 fm
433047
Digrih
433023
433024
Mkv. 1 : 2.000 (A1)
0
50
100 m
Teiknað og hnitasett eftir
loftmynd frá Loftmyndum ehf.